

## Skýrsla Siðanefndar 2023 – 2024 / GSed.

Fundir voru fáir af ýmsum ástæðum m.a. forföllum nefndarmanna. Starfinu vatt fram engu að síður og veturinn var hinn ánægjulegasti.

Dagur félagsráðgjafar í febrúar 2023 var gripinn til þess að hafa umræðustofu um málefni sem kallað var eftir. Efni þeirrar málstofu var: Kostir og gallar fjarviðtala, aðstæður í fjarviðtölum, stangast fjarviðtöl á við aðferðir og kenningar í félagsráðgjöf?. Umræður voru góðar og samantekt var send FÍ.

26 október 2023 var vinnusmiðja Siðanefndar og FÍ. Gestu fundar var Sigrún Júlíusdóttir sem flutti erindið: „Klínísk félagsráðgjöf og aktívismi vinna vel saman. Þetta eru ekki andstæður“. Góðar umræður eftir erindi Sigrúnar sem var hið áhugaverðasta.

Guðrún Sederholm, formaður nefndarinnar sótti athyglisverða heilbrigðisráðstefnu í Hörpu þar sem fjallað var um gervigreind. Erindi voru flutt og fram kom m.a.: Gott væri að búa til spurningar, það væri meira virði en að leita sífellt svara, skortur er á upplýsingamenningu, ef upplýsingar vekja ekki athygli ráðamanna eru þær gagnslitlar. 30% upplýsingar fjalla um heilbrigði en aðeins 3% eru nýttar. Mikilvægt sé að tengja upplýsingar saman en ekki að flokka þær í sundur svo fátt eitt sé nefnt.

Bessastaðir voru heimsóttir í tilefni af afmæli FÍ.

Félagsráðgjafasþing 2024 gaf enn eitt tækifærið á að halda umræðustofu og var það gert. Umræðupunktur voru: Fjölbreytileiki og inngilding á vinnustað, jaðarsetning á umbrotatímum og jafnræðisreglan. Umræður góðar og eins og sjá má þá heldur Siðanefndin sig við umræður um siðferðisleg gildi eins og undanfarin ár.

Sveindís, framkvæmdastjóri FÍ, fór þess á leit að Guðrún tæki saman yfirlit um verk Siðanefndar undanfarin ár sem birta mætti í Tímariti félagsráðgjafa og Guðrún varð við þeirri beiðni og sendi inn yfirlit nú í mars 2024.